

Ný heyrnar- þjónusta



Ellisif Katrín
Björnsdóttir

Í MAÍ veitti heilbrigðisráðuneytið Heyrn ehf. rekstrarleyfi vegna sölu og þjónustu heyrnarartækja. Heyrn tók til starfa 1. júní sl. og veitir heyrnarskertum þjónustu. Eigandi Heyrnar er

Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur sem jafnframt starfar hjá fyrirtækinu við heyrnargreiningu og hefur umsjón með úthlutun og eftirfylgni með heyrnartækjum.

Heyrn býður heyrnartæki frá danska framleiðandanum GN-Resound sem er einn stærsti framleiðandi heyrnartækja í heiminum. Við heyrnargreiningu hjá Heyrn er stuðst við nýjustu heyrnarmælingartæki GN-Otometrics. Heyrnarmælingarklefinn er frá sænska fyrirtækinu CA-Tegner. Þurfi viðskiptavinur á skoðun háls-, nef- og



Þjónusta Heyrn tók til starfa 1. júní sl. og veitir heyrnarskertum þjónustu. Eigandi Heyrnar er Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur.

eyrnalæknis að halda að mati heyrnarfræðings, er honum vísað til læknis með niðurstöðu heyrnarmælingar hafi hún verið framkvæmd.

Ellisif Katrín Björnsdóttir er menntaður heyrnarfræðingur frá Gautarborgarháskóla og hefur hlotið löggildingu sænskra heilbrigðisyfirvalda. Ellisif hefur nú 5 ára starfsreynslu hér á landi við

heyrnarmælingar og ráðgjöf á sviði heyrnartækja.

Viðskiptavinir Heyrnar fá styrk frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir kaupum á heyrnartækjum eins og hjá öðrum heyrnarstöðvum.

Heyrn ehf. er í Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi, á jarðhæð í nýju húsi með nægum bílastæðum. Þá hefur fyrirtækið opnað heimasíðu, www.heyrn.is.